



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI VÍSINDARÁÐS UM LOFTSLAGSBREYTINGAR (IPCC)  
HELDUR FYRIRLESTUR Í BOÐI FORSETA ÍSLANDS:  
SJÁLFBÆR VERÖLD: NÝ STEFNA OG TÆKNILAUSNIR**

Dr. Rajendra K. Pachauri forseti *Alþjóðlegs vísindaráðs um loftslagsbreytingar* (Intergovernmental Panel on Climate Change), flytur fyrirlestur í boði forseta Íslands á morgun, miðvikudaginn 14. júní kl. 13:15 í Öskju, húsi Náttúrufræðideildar Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn ber heitið „*Sjálfbær veröld: Ný stefna og tæknilausnir*” (Policy Imperatives and Technological Dimensions of a Sustainable World). Aðgangur er öllum opinn.

Fyrirlesturinn er hluti af fyrirlestraröðinni *Nýir straumar* sem forseti Íslands stofnaði til fyrr á þessu ári og er að þessu sinni haldinn í samstarfi við Háskóla Íslands og í tengslum við *Samráðsþing um loftslagsbreytingar* sem um 200 fulltrúar um 100 stórfyrirtækja, háskóla og rannsóknarstofnana hafa setið í Reykjavík.

Alþjóðlegt vísindaráð um loftslagsbreytingar (IPCC – [www.ipcc.ch](http://www.ipcc.ch)) var stofnað að tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og ríkja heims. Á vegum Vísindaráðsins eru unnar ítarlegar skýrslur þar sem lagt er mat á það hve mikil hættu stafi af loftslagsbreytingum og hækkandi hitastigi í veröldinni á næstu áratugum. Að þeirri vinnu koma um 3000 vísindamenn hvaðanæva að úr veröldinni og hefur dr. Pachauri stýrt því starfi.

Dr Pachauri er einnig frumkvöðull að *Dehli Sustainable Development Summit* (DSDS – <http://static.teriin.org/dsds/2006/index.htm>) sem árlega kemur saman á Indlandi með þátttöku áhrifafólks og vísindamanna víða að úr veröldinni. Forseti Íslands tók þátt í fundum DSDS árið 2005. Þá stýrir Dr. Pachauri einnig víðtækri tækniþróun í þágu sjálfbærs þjóðarbúskapar.

*13. júní 2006*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*